

Kirkjukjuping 2022-2023.
17. mál - þskj. 17

Skýrsla um vígða þjónustu kirkjunnar
(Lagt fyrir 64. kirkjukjuping 2022-2023).

Flutt af Örnun Grétarsdóttur.
Frsm. Arna Grétarsdóttir

SKÝRSLA UM VÍGÐA ÞJÓNUSTU ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Skýrsla til kirkjukjupings 2022

Samantekt

Í þessari skýrslu eru lagðar til hugmyndir og horft til framtíðar. Tekið er undir með þeirri stefnu biskupafundar að sameiningar prestakalla haldi áfram eins og verið hefur. Niðurstöður spurningakönnunar styður þá stefnu. Hugmynd er sett fram um að sameiningum verði lokið fyrir árslok 2030. Sú vegferð leiði til þess að einmenningsprestaköll heyri sögunni til og að einn djákni starfi við hlið presta í stóru sameinuðu prestaköllunum. Niðurstaða könnunarinnar var í meginráttum í samhljómi við stefnu biskupafundar. Stöðugildi vígðrar þjónustu í þjóðkirkjunni fari ekki niður fyrir 139 presta. Víglubiskupar sitji áfram á hinum fornu biskupsstólum, hlutverk þeirra skýrð frekar og að þeir verði hluti af próföstum landsins og sinni einnig prófastsembættum. Biskupafundur í samráði við prófasta beri sameiginlega ábyrgð á skipulagi hinnar vígðu þjónustu um land allt innan þess fjárhagsramma sem kirkjubing setur. Því er beint til kirkjubings að sjá til þess að fjárhagsrammi sem biskupi Íslands er settur til þess verkefnis að manna landið vígðum þjónum sé í góðu samráði við biskup Íslands, biskupafund og prófasta.

Efnisyfirlit

Samantekt	1
Inngangur	4
<i>Aðferð og takmarkanir</i>	4
<i>Fundir og samráð</i>	6
<i>Breytingar í Þjóðkirkjunni</i>	6
Spurningakönnun um vígða þjónustu þjóðkirkjunnar	7
<i>Vígslubiskupar</i>	8
<i>Prófastar</i>	11
<i>Prestar</i>	11
<i>Djákna</i>	14
<i>Sóknarnefndir og almennar spurningar</i>	14
<i>Helstu niðurstöður könnunar</i>	16
Hlutverk hinnar vígðu þjónustu samkvæmt innri samþykktum	17
Stefnumörkun og hlutverk hinnar vígðu þjónustu	21
Stefna biskupafundar	22
Skipulag hinnar vígðu þjónustu til ársins 2030	23
<i>Reykjavíkurrófastsdæmi vestra (16 stöðugildi)</i>	24
<i>Reykjavíkurrófastsdæmi eystra (24 stöðugildi)</i>	24
<i>Kjalarnesrófastsdæmi (19 stöðugildi)</i>	24
<i>Vesturlandsrófastsdæmi (10 stöðugildi)</i>	25
<i>Vestfjarðarófastsdæmi (8 stöðugildi)</i>	25
<i>Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi (6 stöðugildi)</i>	25
<i>Eyjafjarðar- og Þingeyjarrófastsdæmi (14 stöðugildi)</i>	25
<i>Austurlandsrófastsdæmi (10 stöðugildi)</i>	26
<i>Suðurrófastsdæmi (16 stöðugildi)</i>	26
<i>Sérþjónusta (13 stöðugildi)</i>	26
<i>Biskupsþjónusta (1+2 stöðugildi)</i>	27
Samanlagður fjöldi vígðra þjóna kirkjunnar	27
Hugmyndir til framtíðar	27

<i>Hugmynd 1 - Jafna þjónustubrði</i>	28
<i>Hugmynd 2 - Djáknar og sóknarprestar í hverju prestakalli</i>	28
<i>Hugmynd 3 - Prófastar og héraðsprestar</i>	28
<i>Hugmynd 4 - Víglubiskupar</i>	28
Lokaorð	29
Yfirlit gagna	30

Inngangur

Fimm manna starfshópur um skilgreiningu á þörf fyrir hina vígða þjónustu var kosinn á kirkjuþingi 23. nóvember 2021. Í starfshópnum sitja Arna Grétarsdóttir formaður, Þóra Björg Sigurðardóttir ritari, Svana Helen Björnsdóttir og Hermann Ragnar Jónsson. Gísli Gunnarsson starfaði með hópnum þar til að hann var kosinn vígslubiskup.

Samþykkt kirkjuþings lýsti erindi hópsins þannig:

Kirkjuþing samþykkir að stofnaður verði 5 manna starfshópur er skilgreini þörfina fyrir þjónustu djákna, presta, prófesta og vígslubiskupa. Starfshópurinn starfi í samráði við biskupafund og njóti aðstoðar starfsfólks á biskupsstofu eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa. Þá verði leitað álits vígðra þjóna, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaða.

Starfshópurinn skili skýrslu til kirkjuþings 2022. Á grundvelli hennar verði endurskoðuð, eftir því sem við á, skipting landsins í starfseiningar, prófastsdæmi, prestaköll og/eða samstarfssvæði og horft verði til framtíðar.

Vinna þessi skal ekki koma í veg fyrir að einstakar breytingar verði gerðar á starfseiningum og/eða mönnun meðan á ofangreindri vinnu stendur.

Starfshópurinn leitaðist við að skilgreina þörf með gagnaöflun. Samráð var haft við biskupafund sem góðfúslega sendi starfshópnum vinnugögn sín og stefnu í skipulagningu hinnar vígðu þjónustu. Einnig átti starfshópurinn þrjá fundi með biskupafundi. Leitað var álits kirkjufólks á vígðri þjónustu og viðhorfi til skipulags hennar með því að senda út spurningakönnun. Að beiðni djáknafélagsins og forseta kirkjuþings kallaði starfshópurinn eftir því við Djákna- og Prestafélagið að þau tilnefndu sinn hvorn fulltrúann til að vinna með hópnum, sér í lagi við hönnun könnunarinnar. Eins var fundað með og kallað eftir upplýsingum frá einstaka fólki sem unnið höfðu niðurskurðatillögu á hinnar vígðu þjónustu. Á grundvelli gagnaöflunar er horft til framtíðar er varðar skipulag hinnar vígðu þjónustu. Það er von starfshópsins að vinna þessi geti verið upplýsandi innlegg í umræðu kirkjuþingsfulltrúa sem taka endanlega ákvörðun um skipulag hinnar vígðu þjónustu á grundvelli þeirra mála er biskupafundur leggur til við kirkjuþing.

Aðferð og takmarkanir

Sú aðferð sem starfshópurinn fylgdi var að safna saman þeim gögnum, skjölum, samþykktum og skýrslum sem fyrir lágu innan kirkjunnar og viðkom erindi hópsins. Yfirlit þeirra gagna má sjá neðst í þessari skýrslu.

Starfshópurinn var beðinn um að skilgreina þörf og horfa til framtíðar. Ekki er hér um eiginlega eða fullbúna þarfagreiningu að ræða. Skilgreining á þarfagreiningu samskvæmt Hróbjarti Árnasyni og Stig Skovbo er eftirfarandi: ¹

„Þarfagreining er kerfisbundinn ferill, þar sem stuðst er við formlegar og óformlegar leiðir, til að safna saman upplýsingum sem nota má til að finna leiðir til að bæta frammistöðu við tilteknar aðstæður. Markmið þarfagreiningar er að safna saman og túlka gögn sem stjórnendur og fræðsluaðilar geta stuðst við til að hanna viðeigandi ihlutun/leið til að bæta frammistöðu. Í þessu felst að skilgreina markmið fyrirtækisins, finna misræmi í frammistöðu og ákveða hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir slaka frammistöðu.“

Safnað hefur verið saman upplýsingum eftir formlegum og óformlegum leiðum. Þau gögn eru greind, túlkuð og stuðst við þegar skipulag hinnar vígðu þjónustu er sett fram til ársins 2030 og horft til framtíðar. Ekki er gerð tilraun til að leggja mat á frammistöðu hinnar vígðu þjónustu. Það er verkefni biskupafundar og nauðsynlegt að svo sé. Það er erindi Biskups Íslands að hafa tilsjón með hinni vígðu þjónustu og þar með að meta frammistöðu og árangur. Vísitásiur er eitt verkfærið í þeirri greiningarvinnu. Starfsskýrslur presta voru heldur ekki til skoðunar af sömu ástæðu. Vígðir þjónar sem starfa inna sjálfstæðra félagasamtaka og stofnana er utan skipulagsumboðs kirkjunnar og því ekki tekin til greiningar hér.

Starfshópurinn fékk leyfi framkvæmdarnefndar kirkjubings áður en lagt var í ósamþykktan kostnað er hlaust að keyptum aðgangi að SurveyMonkey til að framkvæma könnun meðal kirkjustarfsfólks. Niðurstaða þeirrar könnunar liggur fyrir í sér kafla. Það var ekki ráðist í það kostnaðarsama og viðamikla verkefni að senda könnun út til notenda þeirrar þjónustu er vígðir þjónar veita. Það væri þó mikill fengur í þeim upplýsingum sem slík þjónustukönnun myndi gefa. Starfsfólki á biskupsstofu hefur fækkað mikið vegna niðurskurðar og því ekki auðvelt að fá starfsfólk til liðs við starfshópinn. Margrét Hannesdóttir hagfræðingur á biskupsstofu var hvalreki fyrir starfshópinn og vinna hennar og velvilji til verkefnisins skipti sköpum við framgang vinnunar.

Starfshópurinn beinir því til kirkjubings, og kemur með ábendingu um að skoða betur fjármagn þeirra erinda/verkefna sem nefndum og starfshópum er fengið. Að sama skapi þarf að huga vel að því að sama erindi eða verkefni sé ekki á borði margra nefnda, starfshópa, vinnuhópa

¹ Árnason, H., & Skovbo, S. (2010). *Training Need Assessment*. Sótt frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: <https://frae.is/wp-content/uploads/2022/06/Hrobjartur-Arnason-Stig-Skovbo-2010-Training-Needs-Assessment-An-inspirational-handbook-PRINT.pdf>

eða embætta samkvæmt starfslýsingum og starfsreglum. Leiðir það einungis til tvíverknaðar og aukins kostnaðar.

Í starfsreglum um Biskupafund nr.964/2006 segir í 5. gr.:

“Biskupafundur endurskoðar árlega skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Biskupafundur gerir tillögur um þau efni á grundvelli gildandi laga og starfsreglna, þingsályktana og stefnumörkunar kirkjuþings og býr mál er varða breytingar í þeim efnum í hendur kirkjuþings.”

Starfshópur um vígða þjónustu fékk í raun sama erindi/verkefni sem liggur þegar á borði biskups Íslands og biskupafundar, þ.e að greina þörf fyrir hina vígðu þjónustu.

Fundur og samráð

Starfshópurinn fundaði alls 10 sinnum. Í níu skipti fóru fundirnir fram á teams eða zoom, í eitt skipti fór fundurinn fram á biskupsstofu einungis, en í þrjú skipti af þessum níu sem fundirnir voru á netinu var hluti af hópnum einnig staðsettur á Biskupsstofu. Fulltrúar presta- og djáknafélagsins voru boðaðir á tvo fundi. Í þrjú skipti var biskupafundur boðaður á fundi. Á einn fund komu Guðmundur Þór Guðmundsson og Gísli Jónasson og einn fundur var með framkvæmdanefnd kirkjuþings. Einnig voru boðaðar þær Margrét Hannesdóttir og Ragnhildur Ásgeirsdóttir starfsmenn biskupsstofu á nokkra fundi. Starfshópurinn þakkar hér öllum kærlega fyrir gott og gjöfult samstarf.

Breytingar í Þjóðkirkjunni

Ljóst má vera að allar breytingar á skipulagsheild þjóðkirkjunnar; skipuriti eða kerfisbreytingum í starfsumhverfi hins vígða og óvígða starfsfólks, þarf að vanda vel. Það þarf að taka mið af greiningu og gögnum. Víðtækt og stöðugt samráð og samtal margra aðila þarf til svo breytingin gangi vel fyrir sig. Í Þjóðkirkjunni er ríkjandi bæði einstaklingsmiðuð menning og hlutverkamenning sem gerir breytingar tímafrekar og jafnvel erfiðar því það þarf að fylgja lögum, reglum, ferlum og sérhæfingu.² Breytingar þarf að undirbúa vel, gefa þeim tíma t.d eins og með sólarlagsákvæðum eða öðrum rúmum tímafrestum. Breytingastjóri þyrfti að fylgja öllu ferlinu eftir.


² Helsti kennimaður innan breytingastjórnunar Charles Handy setti fram einfalt módel sem greinir mismunandi mynstur menningar út frá viðnámi og jákvæðni til breytinga. Hann flokkaði fyrirtækjamenningu í fjóra flokka. Valdamenning (e. power culture) sem finnst í litlum frumkvöðla fyrirtækjum þar sem einn eða fleiri hafa öll völd. Verkefnamenning (e. task culture) er lífrænt skipulag, þar sem teymisvinna og sveigjanleiki er mikil. Breytingar ganga ört í gegn í báðum flokkum en hægar og erfiðar er að koma þeim í gegn þar sem hlutverkamenning (e. role culture) í anda vélræns skipulags ríkir. Sú menning einkennist af reglum, fyrirfram ákveðnum ferlum og hlutverkum. Sama á við um einstaklingsmiðaða menningu (e. person culture) sem er sjaldgæf að mati Handy en innan hennar ríkir algjört frelsi. Burnes, B. (2017). *Managing Change*, (7. útgáfa). United Kingdom: Pearson.

Þær hugmyndir sem koma fram í þessari skýrslu eru ekki til þess fallnar að framkvæmd þeirra geti gengið hratt og örugglega fyrir sig. Þvert á móti þarf að gefa þeim tíma til að þroskast. Stefna biskupafundar um teymisvinnu vígðra þjóna er um leið skref í átt að því að breyta einstaklingsmiðaðri menningu (e. person culture) yfir í verkefna menningu (e.task culture). Það er langtímaverkefni að breyta og móta menningu hinna vígðu þjóna, sóknarnefnda og þjónustuþega.

Spurningakönnun um vígða þjónustu þjóðkirkjunnar

Markmið spurningakönnunarinnar var að varpa ljósi á viðhorf kirkjustarfsfólks til hinnar vígðu þjónustu í þjóðkirkjunni. Áhersla var lögð á að vita hvaða skoðun sjálfboðaliðar og fastráðið starfsfólk hafi á hlutverki og skipulagi vígðra þjóna. Með vígðum þjónum er átt við vígslubiskupa, prófesta, presta og djákna. Þá voru einnig spurningar um aðstoð og upplýsingaflæði til sóknarnefnda. Upplýsingar berast til sóknarnefnda frá biskupsstofu, próföstum eða sóknarprestum. Þessar upplýsingar sem um ræðir varða skipulag vígðrar þjónustu, hvernig framfylgja eigi reglum um val presta, upplýsingar varðandi helgihald í covid og fleiri upplýsingar er varða allar sóknir.

Spurningakönnun um skipulagningu hinnar vígðu þjónustu var send út í lok apríl 2022 til hópsins sem valinn var í úrtakið. Alls voru sendir út tölvupóstar til 541 aðila en einnig voru sóknarnefndarformenn beðnir um að senda vefslóð áfram til sóknarnefndarfólks auk starfsmanna sókna. 402 svör bárust og var svarhlutfall þeirra sem könnunin var send til um 48,5 %. Svarendur voru prestar, djáknar, organistar, sóknarnefndarfólk eða aðrir starfsmenn sókna.



Persónuverndar var gætt við gerð könnunarinnar og aðgangur að niðurstöðum takmarkaður en einungis tveir aðilar höfðu aðgang að þeim.


Flestir svarendur voru á aldursbilinu 41- 60 ára en enginn var undir 20 ára aldri. Þá voru flestir annað hvort í sóknarnefnd eða starfsmenn sókna eða um 72,6 % (259). Samkvæmt aðferðarfræðum kannanna voru spurningar um þessa hópa ekki hafðar í röð þar sem fyrra svar getur haft áhrif á það næsta. Hér eru helstu niðurstöður teknar saman.

Vígslubiskupar

Spurningarnar sem spurðar voru um vígslubiskupa voru eftirfarandi:


1. Vígslubiskupar skulu vera tveir og búa í Skálholti og á Hólum.
2. Það er engin þörf fyrir vígslubiskupa í Þjóðkirkjunni.
3. Ég veit hvert starfssvið vígslubiskupa er.
4. Vígslubiskupar gætu einnig sinnt prófastsstarfi.

Í heildina voru fleiri sammála því að vígslubiskupar ættu að vera tveir og búa í Skálholti eða á Hólum eða um 44%. Ósammála voru tæp 35%. Þó mátti sjá að prestar voru í meirihluta ósammála fullyrðingunni, eða 65%, meðan að sóknarnefndarfólk var meira sammála fullyrðingunni, eða 52%. (Mynd 1)



MYND 1 – SVÖR EFTIR HLOTVERKI INNAN KIRKJUNNAR


Þegar litið var á svörin eftir því hvar á landinu svarendur búa kom í ljós að þeir sem búa næst vígslubiskupsumdæmunum voru sammála því að hafa vígslubiskupana tvo. Meirihluti svarenda í Reykjavíkurborgarsýslu eystra og vestra var ósammála því að hafa vígslubiskupana tvo. (Mynd 2)




MYND 2 – SVÖR EFTIR BÚSETU SVARENDA

50% sóknarnefndamanna voru sammála því að vígslubiskuparnir ættu að vera tveir. Það var athyglisvert að sjá að þeir sem höfðu unnið í 11-20 ár voru meira ósammála því að vígslubiskuparnir skuli vera tveir meðan svarendur með annan starfsaldur voru í meirihluta sammála um að vígslubiskuparnir ættu að vera tveir. (Mynd 3) Svipaðar niðurstöður voru á skoðunum svarenda þegar fullyrðingin „Það er engin þörf fyrir vígslubiskupa í Þjóðkirkjunni“ var sett fram og svör skoðuð með tilliti til starfsaldurs. (Mynd 4) Þá voru rúmlega 40% ósammála þeirri fullyrðingu á meðan um 35% þótti ekki þörf á því að hafa þá. Þegar litið var á svör presta voru 55% sammála því að ekki væri þörf fyrir vígslubiskupa í Þjóðkirkjunni.

Meirihluti var sammála því að vita hvaða starfi vígslubiskupar gegna eða rúmlega 41% meðan tæp 33% voru ósammála því. Má þó segja að hlutfall þeirra sem eru sammála mætti vera hærra og gæti verið það með kynningu á störfum vígslubiskupa. Rúmlega 55% sammála því að vígslubiskupar gætu einnig sinnt prófastsstörfum en ef litið er til þess að margir eru ekki vissir um störf vígslubiskupa gæti niðurstaða fullyrðingarinnar verið bjöguð.




MYND 3 – SVÖR EFTIR STARFSALDRI SVARENDA



MYND 4 – SVÖR EFTIR STARFSALDRI SVARENDA

Vitneskja um starfssvið vígslubiskupa var svo ekki alveg í samræmi við starfsaldur svarenda. Þeir sem hafa unnið í þjóðkirkjunni í 11-20 ár virtust ekki vita eins mikið um störf vígslubiskupa eins og þeir sem hafa verið í 6-10 ár og 21 ár eða lengur í starfi. Ekki þykir koma á óvart að þeir sem hafa unnið styst í þjóðkirkjunni vita minnst um störf vígslubiskupa. (Mynd 5)



MYND 5 – SVÖR EFTIR STARFSALDRI SVARENDA

Prófastar

Spurningar sem spurt var um prófasta:

1. Fjölga þarf próföstum á landsvísu.
2. Ég veit hvert starfssvið prófasta er.
3. Fækka ætti próföstum en þá ættu þeir ekki að gegna prestspjónustu í sóknum samhliða prófaststörfum.

Flestir voru frekar eða mjög ósammála því að fjölga ætti próföstum á landsvísu eða rúmlega 57%. Þá voru flestir eða tæplega 57% sammála því að vita hvert starfssvið prófasta væri. Ein af fullyrðingum um prófastana var á þá leið að fækka ætti próföstum og að þeir ættu ekki að gegna öðru hlutverki en prófastahlutverkinu. Um 40% voru ósammála þeirri fullyrðingu meðan að um 26 % voru sammála.

Prestar


Spurningar um presta voru:

1. Ég veit hvert starfssvið presta er.
2. Þjónustubrýði er nokkuð jafnskipt á milli presta í mínu prestakalli/samstarfssvæði.
3. Sérþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki í mínu prestakalli/samstarfssvæði. (Hér er m.a. átt við þjónustu við fólk á sjúkrahúsum, í fangelsum, fatlaða, heyrnarlaus, innflytjendur)

4. Prestar ættu að starfa saman í teymum.
5. Hluti af vinnutíma presta ætti að fara í það að tengjast samfélaginu sem þeir þjóna með annars konar sýnileika en hefðbundnum þjónustupáttum.
6. Prestur ætti að búa í því samfélagi sem hann þjónar.
7. Það þarf að skipuleggja betur vinnutíma presta.
8. Prestar sinna mikilvægu hlutverki sem flókið og erfitt er að mæla.
9. Prestþjónusta í landinu ætti aðallega að skipuleggja út frá:
 - Fjölda íbúa
 - Samgöngum
 - Fjölda sóknarbarna (skráðra í þjóðkirkjuna)
 - Vegalengdum
 - Fjölda athafna (skírna, ferminga, hjónavígslur, útfarir)
 - Messuskyldu
 - Fjárveitingu
 - Samstarfssvæðum
 - Fjölda samanlagðra starfsmanna í sóknum og samstarfssvæðum
 - Annað (vinsamlegast tilgreinið)


Mikill meirihluti var sammála því að vita hvert starfssvið presta er eða rúmlega 92% en það er mun hærrí prósentu en þegar fullyrðingar um vígslubiskupa og prófastar var sett fram. Prestar eru mun sýnilegri en vígslubiskupar og prófastar og því kemur munurinn ekki á óvart. Rúmlega 55% svarenda fannst þjónustubyrðinni vera jafnskipt á milli presta. 43% presta voru frekar eða mjög sammála því að þjónustubyrðinni væri jafn skipt. (Mynd 6)

Þjónustubrýði er nokkuð jafnskipt á milli presta í mínu prestakalli/samstarfssvæði.



MYND 6 – SVÖR EFTIR HLUTVERKI SVARENDA

Þjónustubrýði er nokkuð jafnskipt á milli presta í mínu prestakalli/samstarfssvæði



MYND 7 – SVÖR EFTIR BÚSETU SVARENDA

Þegar svör vegna fullyrðingar um þjónustubrýðina eru skoðuð eftir landshlutum þá eru svarendur frá þremur prófastsdæmum meira ósammála fullyrðingunni. Það eru svarendur frá Vestfjarða-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi. Það getur vel skýrst á því hversu langt er á milli staða í fyrri tveimur prófastsdæmunum og af því að í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi hafa sumir prestar tekið að sér afleysingar vegna vöntunar á prestum í prestaköllum prófastsdæmisins. (Mynd 7)

Sérþjónusta þjóðkirkjunnar virðist mjög mikilvæg fyrir svarendur en rúmlega 63% svarenda var sammála því að sérþjónustan gegndi mikilvægu hlutverki í þeirra prestakalli.

Stefna um að prestar starfi meira saman í teymum fær mjög jákvæð viðbrögð en tæplega 80% svarenda var mjög eða frekar sammála því. Prestar voru svo í miklum meirihluta sammála því að starfa saman í teymum eða rúmlega 84%.

Um 80% svarenda var bæði sammála því að hluti vinnutíma presta ætti að fara í það að tengjast samfélaginu og að prestur ætti að búa í því samfélagi sem hann þjónar. Vinnutíma presta ætti svo að skipuleggja betur samkvæmt svarendum og 88% þeirra voru sammála því að prestar væru að sinna mikilvægu hlutverki sem erfitt væri að mæla.

Hægt var að merkja við eins marga valmöguleika og svarendum þótti koma til greina þegar spurt var um hvernig ætti að skipuleggja prestþjónustuna í landinu. Flestir hökuðu í fjölda íbúa, næst flestir merktu við vegalengdir og þar á eftir komu samgöngur. Á landsbyggðinni voru fleiri sammála því að skipuleggja prestþjónustu út frá vegalengdum.

Djákna

Spurningar um djákna voru:

1. Djákna ættu að sinna vígðri þjónustu í sóknum landsins í meira mæli í samstarfi við presta.
2. Fjölga þarf djáknum í sóknum landsins.
3. Ég veit hvert starfssvið djákna er.
4. Djákna ættu að vera hluti af skipulagi hinnar vígðu þjónustu um land allt.
5. Fækka ætti prestum og fjölga djáknum í þjónustu kirkjunnar.

Flestir voru sammála því að djákna ættu að sinna vígðri þjónustu og vera hluti af henni. Hins vegar voru 73,5 % ósammála því að fækka ætti prestum og að fá djákna til að sinna þeirra störfum í staðinn. Flestir merktu við í meðallagi þegar kom að fullyrðingunni um hvort fjölga þurfi djáknum í sóknum landsins. Þó voru fleiri sammála þeirri fullyrðingu eða um 40%. Tæp 50% svarenda vissu hvert starfssvið djákna er.


Sóknarnefndir og almennar spurningar

Spurningar um sóknarnefndir og almennar spurningar voru:

1. Sóknarnefndir eru vel upplýstar um ákvarðanir er varða skipulag vígðrar þjónustu.
2. Sóknarnefndir fá stuðning við að sinna hlutverki sínu.
3. Þjónusta kirkjunnar við íbúa í mínu prestakalli er fullnægjandi.
4. Fjölga þarf vígðum þjónum í mínu prófastsdæmi.

Einungis voru um 20% ósammála því að sóknarnefndir væru vel upplýstar um ákvarðanir er varða skipulag vígðrar þjónustu. Rúm 46% voru sammála þeirri fullyrðingu og því má segja að almennt virðist sóknarnefndarfólk vera ánægt með upplýsingaflæði varðandi vígða þjónustu þó alltaf megi bæta það.


Þegar litið var á svör sóknarnefndarmanna eftir staðsetningu var hlutfall þeirra sem var sammála fullyrðingunni um hvort þeir væru vel upplýstir 50%. Þó merkti fólk við þá liði sem voru í boði nokkuð jafnt hlutfallslega í Vestfjarðarprófastsdæmi og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. (Mynd 8)



MYND 8 – SVÖR EFTIR BÚSETU SVARENDNA

Almennt voru svarendur meira sammála því að sóknarnefndir fengju stuðning við að sinna hlutverki sínu eða um 40%. Þegar skoðuð voru svör sóknarnefndafólks eftir landshlutum kom í ljós að sóknarnefndir í Suður-, Austurlands-, Vesturlands- og Kjalarnessprófastsdæmi voru sammála því að stuðningur væri til staðar. Þá var dreifing svara sóknarnefnda í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og í Reykjavíkurborg eystri nokkuð jöfn milli þess hvort þær væru ósammála eða sammála. Í Húnavatns- og Skagastrandarprófastsdæmi voru svarendur sóknarnefnda í meðallagi sammála. Sóknarnefndafólki í Reykjavíkurborg vestri og í Vestfjarðarprófastsdæmi var þá í meirihluta ósammála því að það fengi stuðning við að sinna hlutverki sínu. (Mynd 9)

Sóknanefndir fá stuðning við að sinna hlutverki sínu.



MYND 9 – SVÖR EFTIR BÚSETU SVARENDA

Þá voru tæp 70% svarenda á því að þjónusta kirkjunnar væri fullnægjandi við íbúana og fleiri voru ósammála því að fjölga þyrfti vígðum þjónum í prófastsdæmi þeirra. Svarendur frá Vestfjarða-, Austurlands og Reykjavíkurborgarprófastsdæmi eystra voru hlutfallslega meira sammála því að fjölga þyrfti vígðum þjónum í þeirra prófastsdæmi.

Helstu niðurstöður könnunar

Niðurstöður könnunnarinnar voru á þá leið að almennt er ánægja með þjónustu kirkjunnar.

Stefna biskupafundar um að prestar starfi meira saman í teyllum fær mjög jákvæð viðbrögð en tæplega 80% svarenda var mjög eða frekar sammála því að prestar ættu að starfa saman í teyllum. Prestar voru sjálfir í miklum meirihluta sammála því að starfa saman í teyllum eða rúmlega 84%. Meirihluti var þó sammála því að skipuleggja mætti vinnutíma presta betur og svo virðist þjónustubyrði presta ekki vera nógu vel skipt í þremur prófastsdæmum. Það eru Vestfjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Mikill meirihluti var ósammála því að fækka ætti prestum og fjölga djáknum. Þó vildu svarendur að djáknar væru hluti af hinni vígðu þjónustu. Þá vildu flestir ekki fækka eða fjölga próföstum og fannst að prófastar ættu ekki að sinna einungis prófastsstörfum eins og nú er raunin.

Benda niðurstöðurnar til þess að meirihluti sé sammála því að hafa tvo vígslubiskupa en þó mætti niðurstöðan vera meira afgerandi. Þau sem að búa úti á landi eru meira sammála því að hafa vígslubiskupa meðan fólk á höfuðborgarsvæðinu er meira ósammála því. Þá er

sóknarnefndarfólk í meirihluta sammála því að hafa vígslubiskupa meðan 55% presta telur enga þörf á þessum störfum. Vitneskja svarenda mætti vera meiri um störf vígslubiskupa og því gætu niðurstöður breyst og orðið meira afgerandi ef vitneskjan væri meiri.

Miðað við svörin mætti stuðningur við sóknarnefndir í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra og Vestfjarðaprófastsdæmi vera meiri en meirihluti var sammála því að sóknarnefndir væru vel upplýstar um skipulag vígðrar þjónustu.

Flestir vildu skipuleggja þjónustuna út frá fjölda íbúa, vegalengda og samgöngum. Á landsbyggðinni voru fleiri sammála því að skipuleggja prestþjónustu út frá vegalengdum. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda eða um 80% vildu að prestar ættu að búa í því samfélagi sem þeir þjóna og sambærilegt svarhlutfall var sammála því að hluti af vinnutíma presta ætti að fara í það að tengjast samfélaginu sem þeir þjóna. Erfitt er að sameina prestaköll með tilliti til þess að prestar búi í því samfélagi sem þeir þjóna en niðurstöður benda þó til að þrátt fyrir sameiningar séu svarendur ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá. 70% svarenda þótti þjónustan fullnægjandi.

Það fer vel á því að kanna viðhorf kirkjufólks til hinna ýmsu þátta skipulags kirkjunnar áður en ákvarðanir eru teknar. Kirkjuþing er því hvatt til þess að senda út spurningakannanir í meira mæli.

Hlutverk hinnar vígðu þjónustu samkvæmt innri samþykktum

Í gildi eru samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar. Þær hafa þann megintilgang að styrkja einingu kirkjunnar og samfélag sóknarfólks safnaða og kirkjustjórnar, innra og ytra samhengi þjóðkirkjunnar og hinnar almennu, alþjóðlegu kirkju. Þessar samþykktir eiga að vera samstöðugrunnur, til að styrkja sjálfsmynd og samstöðu um meginatriði og gera grein fyrir forsendum starfshátta og hefða.

Samþykktin um innri málefni þjóðkirkjunnar var m.a höfð í huga þegar starfshópurinn vann könnunina um skilgreiningu á þörf fyrir presta, djákna, prófesta og vígslubiskupa.

Í samþykktunum kemur fram að starf og boðun hinnar evangelísk-lúthersku þjóðkirkju á Íslandi beri vitni um trú, játningu og kenningu hennar. Kenning þjóðkirkjunnar er tjáð í Heilagri ritningu, játningum trúarinnar, hefð og arfi kirkjunnar, í Handbók og Sálmaþók kirkjunnar og samkirkjulegum samþykktum sem þjóðkirkjan hefur gerst aðili að. Þjóðkirkjan gengur út frá því að þau sem koma fram fyrir hennar hönd játi kristna trú og leitist við að lifa kristnu trúarlífi.

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og vettvangur þjónustu hennar á hverjum stað. Sóknin er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem myndar söfnuð, þar sem fagnaðarerindið er boðað og sakramentinn um hönd höfð og fólk leitast við að lifa samkvæmt boði Krists. Söfnuðurinn veitir skilyrði til vaxtar og þroska í trú, von og kærleika í daglegu lífi og störfum. Prestar og annað forystufólk sóknanna bera sameiginlega ábyrgð á samfélagi trúarinnar í söfnuðinum.

Í samþykktunum segir að kirkjan sé líkami þar sem limir hennar hafa mismunandi hlutverk og náðargáfur. Allt starfsfólk kirkjunnar beri fagnaðarerindið áfram með orðum og verkum, þjónustu sakramentanna og í þjónustunni við náungann, umfram allt við nauðstadda og sjúka. Hin vígða þjónusta er ein þótt mismunur sé á verkefnum og umboði biskups, prests og djákna. Sá sem vígdist til embættis prests eða djákna vinnur biskupi heit um að inna þjónustu sína af hendi á grundvelli játninga og skipanar kirkjunnar. Á grundvelli þess er hinum vígða þjóni veitt ábyrgð á grundvallarþáttum í þjónustu þjóðkirkjunnar og hann sendur með það umboð.

Í samþykktunum kemur einnig fram að frumskylda sóknar sé helgihald, kærleiksþjónusta og fræðsla sem nærir og eflir trú sem starfar í kærleika. Og að sérhvert sóknarbarn eigi að hafa kost á guðsþjónustu hvern helgan dag. Þó er tekið fram að sé ekki unnt að halda uppi reglubundnu helgihaldi, svo sem vegna fámennis, geti sóknir í sama prestakalli, eða á sama þjónustusvæði sameinast um helgihald og aðra meginþætti safnaðarstarfs.

Sóknin á einnig að sjá til þess að sóknarbörn njóti sálgæslu, umhyggju og stuðnings á lífsgöngunni og eigi aðgang að sálgæslu í samtali, prédikun, sakramenti og fyrirbæn.

Í samþykktunum eru eftirfarandi skilgreiningar á hvernig helgihaldinu skuli háttað:

- 1. Helgihald þjóðkirkjunnar felst í almennri guðsþjónustu, messu, barna- og fjölskylduguðsþjónustu, tíðagjörð, fyrirbænauguðsþjónustu, kyrrðarstund, helgistund, skírn, altarisgöngu, fermingu, hjónavígslu, staðfestingu samvistar, útför.*
- 2. Helgihald þjóðkirkjunnar er opinbert og opið öllum. Þeir sem tilheyra þjóðkirkjunni eiga rétt á að taka þátt í helgihaldi sóknar sinnar og athöfnum samkvæmt því sem Handbók kirkjunnar mælir fyrir um.*
- 3. Sóknarbörn eiga rétt á að sækja helgihald og prestsþjónustu utan sóknar sinnar ef svo ber undir. Frumskylda presta þjóðkirkjunnar er við eigin sóknarbörn.*
- 4. Í hverri sókn skal að jafnaði halda almenna guðsþjónustu hvern helgan dag og á hátíðum kirkjuársins. Þar sem aðstæður krefjast geta fleiri en ein sókn í prestakalli eða á samstarfssvæði sameinast um almenna helgidaga guðsþjónustu og annað helgihald.*
- 5. Almenna helgidaga guðsþjónustu skal halda í samræmi við Handbók kirkjunnar.*
- 6. Sóknarprestur ber ábyrgð á helgihaldi sóknarkirkju sinnar. Sóknarprestur eða sá prestur sem annast guðsþjónustu safnaðarins í umboði hans, ákveður í samráði við organista sálma og lög sem sungin skulu.*

7. Messu sóknarinnar skal einungis prestur leiða. Djákni getur og leitt guðsþjónustu sóknarinnar í umboði og á ábyrgð sóknarprests. Leikmaður getur leitt guðsþjónustu sóknarinnar í umboði og á ábyrgð sóknarprests með sérstöku leyfi biskups.

8. Einungis sá sem hlotið hefur prestsvígslu má hafa um hönd sakramenti kirkjunnar. Í neyðartilvikum, þegar ekki næst til prests, getur þó sérhver skírður karl eða kona annast skemmri skírni. Ber að tilkynna hana sóknarpresti svo fljótt sem auðið er.

9. Skírni, fermingu, hjónavígslu, staðfestingu samvistar og útför skal jafnan undirbúa með samtali þess prests sem athöfnina annast og aðstandenda. Prestur ber ábyrgð á eftirfylgd við hlutaðeigendur að athöfn lokinni.

Guðsþjónustur skuli vera hvern helgan dag en einnig á hátíðum kirkjuársins sem eru aðfangadagskvöld jóla, jóladagur, annar jóladagur, gamlárskvöld, nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar páskadagur, uppstigningardagur, hvítasunnudagur og þrenningarhátíð.

Í samþykktunum kemur einnig fram að meginskylda prests sé samkvæmt vígsluheitum „að **prédika Guðs orð hreint og ómengað** eins og það er að finna í hinum spámannlegu og postullegu ritum í anda vorrar evangelískulútersku kirkju.“ En láti prestur öðrum eftir að prédika, þá beri hann ábyrgð á því að það sé í samræmi við boðskap og trú kirkjunnar.

Samkvæmt samþykktunum eru ákvæðu um messuskyldu eftirfarandi:

Í sókn með 2000 sóknarbörn eða fleiri skal haldin almenn guðsþjónusta hvern helgan dag, um 60 guðsþjónustur á ári.

Í sóknum með 750-2000 sóknarbörn að lágmarki annan hvern sunnudag auk hátíða ekki sjaldnar en 25 sinnum á ári.

Í sóknum með 300-750 sóknarbörn að lágmarki einu sinni í mánuði auk hátíða, ekki sjaldnar en 15 sinnum á ári.

Í sóknum með 100-300 sóknarbörn að lágmarki 8 sinnum á ári, auk hátíða.

Í sóknum með 50-100 sóknarbörn, að lágmarki 6 sinnum á ári.

Í sóknum með færri en 50 sóknarbörn er messað eftir aðstæðum.

Heimilt er með leyfi biskups að taka tillit til annarra þátta en fjölda sóknarbarna, svo sem staðháttu, hefðar og hlutverks kirkjunnar í sókninni eða á svæðinu.

Þau sem annast **skírni** að jafnaði eru þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Skírni sem aðrir vígðir prestar (prestar sem ekki eru í embætti) annast skuli vera á ábyrgð og í umboði sóknarprests sem sér til þess að færa hana til bókar og gera skýrslu um hana til Þjóðskrár. Ávallt skuli fylgt atferli Handbókar kirkjunnar nema þegar um skemmri skírni sé að ræða. Sérhver skírður einstaklingur getur skírt skemmri skírni ef líf er í hættu og ekki næst til prests. Sá sem annast skemmri skírni skal þegar í stað tilkynna það sóknarpresti sem gengur úr skugga um að skírnin hafi farið fram í nafni föður, sonar og heilags anda, og skal færa það til bókar og tilkynna til Þjóðskrár.

Varðandi **kvöldmáltíðarsakramentið** er það svo að sá einn sem hlotið hefur prestsvígslu í þjóðkirkjunni eða kirkju sem þjóðkirkjan hefur borðsamfélag við getur veitt altarissakramentið í þjóðkirkjunni. Ef djákni aðstoðar við útdeilingu útdeili hann víninu.

Hver sá sem er skírður og tilheyrir þjóðkirkjunni eða söfnuðum sem hún er í borðsamfélagi við getur aðstoðað við útdeilingu altarissakramentisins með því að útdeila víninu.

Þjónandi prestur í þjóðkirkjunni hlýðir **skriftum**. Skriftirnar skuli fara fram í einrúmi og felast í því að skriftaþegi játi synd sína og að presturinn boði fyrirgefningu syndanna í Jesú nafni. Sóknarprestur ber ábyrgð á skírnarfræðslu og fermingarundirbúningi. Hjónavígslur annast prestar sem rétt hafa sem vígslumenn skv hjúskaparlögum. Sóknarprestur sjái svo til þess að hjónavígsla sé færð til kirkjubókar og skýrsla þar að lútandi sé send þjóðskrá.

Í samþykktunum kemur fram að prestar annist **útfarir**. Prestur sem ekki sé í þjónustu geti annast útför á ábyrgð sóknarprests sem sér til þess að athöfnin sé skráð í kirkjubækur. Kistulagningu og húskveðju geti djákni eða leikmaður annast. Að jafnaði eigi prestur eða djákni að annast jarðsetningu duftkers og ætíð ber að tilkynna jarðsetninguna viðkomandi sóknarpresti sem sér um að skráð sé í legstaðaskrá.

Skipan innri mála þjóðkirkjunnar hlýtur að vera í stöðugri endurskoðun til þess að kirkjan geti sem best sinnt skyldum sínum, aðlagast breyttum aðstæðum og eflst á grundvelli köllunar sinnar. Samþykktirnar gefa alls ekki tæmandi mynd af trú og lífi þjóðkirkjunnar en gefa nokkuð góða heildarsýn á skipan mála og samstarfsgrundvöll vígðra og óvígðra.

Þegar litið er yfir hlutverk vígðra þjóna kirkjunnar má sjá að það er umfangsmikið og verkefni af ýmsum toga. Vígður þjónn þarf að vera til staðar fyrir söfnuð sinn og hlúir að samfélaginu í umhyggju og kærleika. Vígður þjónn sinnir helgihaldi, veitir fræðslu, sálgæslu, leiðsögn og uppörvun. Í samþykktunum eru verkefni og ábyrgðarsvið presta og sóknarpresta talin upp. Mjög lítið er fjallað um hlutverk eða ábyrgðarsvið djákna þó er ljóst að þeir starfa við hlið prestanna. Niðurstöður könnunarinnar sýna vilja kirkjufólks til auka djáknaþjónustu inn í sóknum en þó ekki í stað prestanna. Ekki er minnst á prófaste eða vígslubiskupa enda hluti af hinni vígðu þjónustu og hafa þau stöðuheiti tilsjónar hlutverk í umboði Biskups Íslands. Biskup Íslands er nefndur í samþykktunum þegar skerpt er á tilsjónar- eða yfirmanns hlutverki hans gagnvart kenningu kirkjunnar og þar með hinni vígðu og óvígðu þjónustu sem starfar að boðun á akrinum. Biskup Ísland veitir leyfi, undanþágur og frávik frá samþykktunum. Í stefnumörkun kirkjupings frá árinu 2000 er þó að finna nánari útlistanir á mismunandi hlutverkum hinnar vígðu þjónustu.

Lagt er til við biskupafund, prestastefnu og kirkjuping að endurskoða samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar.

Stefnumörkun og hlutverk hinnar vígðu þjónustu

Í stefnumörkun kirkjubings frá árinu 2000 var til af biskupafundi framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma (Kirkjubing 2000. Mál nr. 5). Þar kemur fram að prestaköll séu grunnþjónustueining prestsþjónustunnar og að í þéttbýli skuli stefnt að því að í hverju prestakalli starfi tveir eða fleiri prestar saman. Aukið samstarf sóknarpresta skuli komið á í dreifbýli. Rúmum 20 árum síðar er enn verið að koma þeirri stefnu til framkvæmdar. Jöfnun þjónustubyrðar er ávarpað með því að tekið er sérstaklega fram að þjónustubyrði á hvern prest sé sem áþekkust enda er um að ræða þjónustu við allt þjóðkirkjufólk landsins. Jöfn þjónustubyrði er grunnforsenda fyrir skipulagi hinnar vígðu þjónustu. Þjónusta kirkjunnar felst í eftirtöldu:

- 1. reglubundnu helgihaldi árið um kring,*
- 2. almennri prestsþjónustu í boðun, uppfræðslu og stuðningi,*
- 3. skír, fermingu, hjónavígslu, greftrun,*
- 4. safnaðarstarfi; margvíslegu félagsstarfi í söfnuðum,*
- 5. vitjunum sjúkra, einstæðra og þeirra sem eiga um sárt að binda; þjónustu á stofnunum,*
- 6. sálusorgun og trúnaðarsamtölum; hlusta, uppörva, hughreysta og styðja, opinberri og óopinberri sáttaumleitan,*
- 7. þátttöku í samfélaginu; t. d. við margs konar hátíðir eða atburði, margvíslegri fyrirgreiðslu, þjónustu, aðstoð og stuðningi við fólk í daglegu lífi.*

Af þessari upptalningu má sjá að starfssvið presta er nokkuð umfangsmikið og mikilvægt að í þjónustu kirkjunnar veljist fjölbreyttur hópur presta og djákna, þó stefnan frá árinu 2000 taki hér aðeins til prestsþjónustunnar. Stefnan gerir ráð fyrir að ráðning djákna og annars starfsfólks sókna sé á hendi sókna og verður svo áfram. Stefnan tekur til nýtingar mannauðs. Hvert embætti skal nýtt sem best, og leitast við að skipulag sé þannig úr garði gert að gætt sé að hagkvæmni, skilvirkni og einfaldleika í hvívetna eftir því sem kostur er, svo að fjármunir nýtist sem best. Þá er tekið fram að hver prestur skuli þjóna 2000-3000 sóknarbörnum og frávík séu í dreifbýli og vegna landfræðilegra aðstæðna svo sem vegalengda og fjallvega. Einnig skal taka tillit til sérþjónustu, héraðspresta, djákna og annars starfsfólks o.fl.

Varðandi skipan prófastsdæma frá árinu 2000 þá eru prófastar sagðir trúnaðarmenn og ráðgjafar biskups og á þeim hvíli skylda samkvæmt starfsreglum um að hvert prófastsdæmi marki ramma um kirkjustarf. Prófastsdæmi er starfssvæði eða umdæmi sem hefur landfræðilega afmörkun.

Til að marka starfssvæði prófaste eða ákvarða fjölda þeirra þarf fyrst að taka til umfang og stærð prófastsdæmanna sem er landfræðileg heild og félagsleg stjórnunareining. Prófastur verður að geta sinnt störfum sínum meðfram öðrum starfsskyldum.

Í stefnunni frá árinu 2000 leggur biskupafundur til að héraðsnefndir komi til liðs við biskupafund og skoði skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og rökstyðji ítarlega allar hugmyndir sínar.

Árið 2010 var samþykkt á kirkjuþingi megin áhersla í skýrslu nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar og var kirkjuráði falið að koma henni í framkvæmd. Í samþykkt kirkjuþings er kirkjuráði gert að koma á fót samstarfssvæðum um land allt í samráði við heimafólk. Tekið er sérstaklega fram aðgreining samstarfssvæða og stjórnunareininga þjóðkirkjunnar. Ekki er útlistað nánar við hvað er átt en líklega er átt við prestaköll og prófastsdæmi. Skýrsla nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar er ítarleg og vel unnin. Hún hefur til hliðsjónar trú, játningu og kenningu þjóðkirkjunnar, hlutverk þjóðkirkjunnar, innri samþykktir, lög og reglur, stefnur og þær samþykktir og skuldbindingar sem að þjóðkirkjunni lýtur.

Stefna biskupafundar

Stefna biskupafundar um hina vígðu þjónustu hefur komið fram í greinargerðum með hinum fjölmörgu málum sem biskup Ísland hefur lagt fyrir kirkjuþing síðustu ár. Eins fékk starfshópurinn vinnugögn biskupafundar til skoðunar. Stefna biskupafundar er skýr varðandi hina vígðu þjónustu. Sameina skal prestaköll, stækka samstarfseiningar og útrýma eins og kostur er einmenningsprestaköllum. Þetta er gert með það fyrir augum að búa hinum vígðu þjónum betra starfsumhverfi, jafna þjónustubyrði og veita þjónustuþegum aukið val og fjölbreytni.

Samstarfssvæðum er í þeirri stefnu gert kleift að skipuleggja grunnþjónustu sína í sameiningu. Messuskylda samkvæmt innri samþykktum nær þá til samstarfssvæða en ekki prestakalla. Það þarf ákveðinn fjölda presta til að sinna helgihaldi allt árið um kring eða eins og segir í innri samþykktum kirkjunnar að í hverri sókn er messuskyldan miðuð við fjölda sóknarbarna (sjá í kaflanum um Hlutverk hinnar vígðu þjónustu).

Í skjali II frá biskupafundi segir að líta skuli til eftirtalinna atriða er meta skuli þjónustubyrði á hvern prest:

Í kirkjujarðasamkomulaginu svokallaða frá 10. janúar 1997 (60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar) er mannfjöldaviðmið sett varðandi fjölgun eða fækkun prestsembættu, þar er miðað við 5000 manns. Þ.e.a.s. fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5000 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir frá í samkomulaginu, hið sama á við um frekari fjölgun. Fækki meðlimum um 5000 fækkar embættum um 1, hið sama á við um frekari fækkun.

Í samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar frá 2009 er fjallað um ákvæði um messuskyldu. Þar er sett viðmið um fjölda sóknarbarna, 2000 talsins, þar sem haldin skuli

almenn guðsþjónusta hvern helgan dag ársins. Séu sóknarbörn frá 750-2000 skuli að lágmarki haldin almenn guðsþjónusta annan hvern sunnudag, auk stórhátíða.

Hið opinbera miðar við 5000 manns, varðandi fjölgun eða fækkun embætta um eitt. Þar er því samhengi á milli 5000 sóknarbarna og eins embættis. Í samþykktunum um innri málefni þjóðkirkjunnar er lagt upp með annað viðmið er snýr að sóknarbörnum og því hve oft skal efna til almennrar guðsþjónustu. Þar er miðað við 2000 sóknarbörn.

Þessar tölur veita því ákveðnar mælistikur þegar leggja skal upp þjónustubyrði á hvern prest, þ.e.a.s. varðandi mannfjölda. Má því ætla að einn prestur skuli að lágmarki þjónusta 2000 manns. Fleiri atriði skal jafnframt taka til skoðunar við skipun prestakalla og ákvörðun á þjónustubyrði, svo sem fjölda sókna innan prestakalls, hvernig samgöngum er háttað og færð á vegum, sérstaða helgistaða og annað.

Stefna biskupafundar er því í takt við niðurstöðu könnunar þar sem mannfjöldaviðmið eða íbúafjöldi skiptir kirkjufólk mestu, þá vegalengd og samgöngur. Það sama má segja um stefnu biskupafundar um að prestar vinni í teymum.

Í þessari skýrslu eru settar fram hugmyndir í þessum anda og horft er til framtíðar. Samstarfssvæðin og prestaköllin stækki og verði að skipulegri stjórnunareiningu þar sem fleiri prestar og djáknar vinni saman og jafni þjónustubunga sín á milli.

Skipulag hinnar vígðu þjónustu til ársins 2030

Árið 2000 var fyrsta vísi að finna að því að stefna er sett í þá átt að auka samstarf presta um land allt. Sameiningatillögur sem samþykktar hafa verið á kirkjuþingi síðustu árin og lagðar hafa verið fram af biskupafundi hafa það að marki að auka starfsánægju presta, auka hagræðingu, jafna þjónustubyrði og auka gæði og fjölbreytileika þjónustu við sóknarbörnin. Sóknarbörnin fá um leið aðgang að fleiri prestum. Einnig hafa verið tilgreindar ástæður eins og meiri sérhæfing prestsþjónustunnar og betri nýting fjármuna og annarra auðlinda.

Hugmyndir sem hér eru settar fram horfa til framtíðar og er viðbót eða innlegg við aðrar fyrirhugaðar sameiningar prestakalla. Hugmyndirnar eru ekki algildar og kalla á frekari úrfærslu. Gert er ráð fyrir að þessar hugmyndir taki breytingum við nánari skoðun og samráð hinna ýmsu hagaðila.

Hugmyndirnar eru settar fram með það í huga að breytingar innan kirkjunnar taka tíma og þarf að undirbúa vel. Sameiningar þessar gætu komist til framkvæmda á næstu fimm til sjö árum og þeim alveg lokið fyrir árið 2030. Gert er ráð fyrir að biskupafundur meti sem fyrr þessar hugmyndir, aðlagi og skoði hvernig best verður að sameiningu staðið og í hvaða tímaröð. Ekkert kemur í veg fyrir að sameiningar verði enn viðtækari og myndi stærri prestaköll, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Hin vígða þjónusta undir forystu prófesta gæti

undirbúið sóknarnefndir og kirkjufólk allt fyrir sameiningar. Fylgja þarf eftir öllum breytingum eins vel og kostur er. Kirkjuþing taki það til greina í þeim fjárhagsramma sem með sameiningum prestakalla er fenginn.

Eins og gefur að skilja eru hér ekki talin upp stöðugildi starfsfólks á biskupstofu þó vígðir séu, rekstrarstofu eða kirkjuþings, enda er það ekki erindi starfshóps þessa.

Hugmynd að framtíðarsýn til 2030 tekur til stöðugilda vígðrar þjónustu innan prestakalla og hefur það að marki að útrýma einmenningsprestaköllum enda starfshópurinn sameinaður um þá stefnu.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra (16 stöðugildi)

Í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra skulu vera 4 sóknarprestarnir, 11 prestar, einn héraðsprestur og prófastur. Samtals 16 stöðugildi.

Hallgríms- og Háteigsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna.

Dómkirkju-, Nes- og Seltjarnarnesprestakall sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna.

Laugardalsprestakall, sóknarprestur og þrjú prestar.

Fossvogsprestakall, sóknarprestur og tveir prestar.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra (24 stöðugildi)

Í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra skulu vera 5 sóknarprestarnir, 16 prestar, einn héraðsprestur, einn djákni og prófastur. Samtals 24 stöðugildi.

Árbæjar- og Grafarholtsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna.

Grafarvogsprestakall, sóknarprestur og þrjú prestar og einn djákni

Breiðholts- og Seljaprestakalli sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna.

Lindaprestakall, sóknarprestur og þrjú prestar.

Digranes- Hjalla og Kársnesprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fimm prestar.

Kjalarnesprófastsdæmi (19 stöðugildi)

Í Kjalarnesprófastsdæmi skulu vera 4 sóknarprestarnir, 14 prestar, einn héraðsprestur og prófastur. Samtals 19 stöðugildi.

Grindavíkur-, Njarðvíkur-, Keflavíkur- og Útskálaprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fimm prestar þjóna.

Hafnarfjarðar-, Víðistaða- og Tjarnaprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna.

Garðaprestakall, sóknarprestur og þrír prestar.

Mosfells- og Reynivallaprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Vesturlandsprófastsdæmi (10 stöðugildi)

Í Vesturlandsprófastsdæmi skulu vera 3 sóknarprestur, 7 prestar og prófastur. Samtals 10 stöðugildi.

Garða- og Saurbæjarprestakall, sóknarprestur og tveir prestar.

Borgar- Reykhólts- og Stafholtsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Ólafsvíkur- og Ingjaldshóls- Setbergs- Staðastaðar- Stykkishólms og Dalaprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrír prestar þjóna.

Vestfjarðarprófastsdæmi (8 stöðugildi)

Í Vestfjarðarprófastsdæmi skulu vera 3 sóknarprestur, 3 prestar, 2 djáknar og prófastur. Samtals 8 stöðugildi.

Breiðafjarðar- og Strandaprestakall, sóknarprestur og djákni.

Patreksfjarðarprestakall, sóknarprestur og djákni.

Ísafjarðarprestakall, sóknarprestur og þrír prestar.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi (6 stöðugildi)

Í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi skulu vera 2 sóknarprestur, 4 prestar og prófastur. Samtals 6 stöðugildi.

Húnavatnsprestakall, sóknarprestur og tveir prestar.

Glaumbæjar-, Hofsóss- og Hóla-, Miklabæjar- og Sauðárkróksprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi (14 stöðugildi)

Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi skulu vera 4 sóknarprestur, 9 prestar, einn héraðsprestur og prófastur. Samtals 14 stöðugildi.

Akureyrar- og Laugalandsprestakall, sóknarprestur og tveir prestar

Glerár- og Laufásprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Ólafsfjarðar-, Siglufjarðar- og Dalvíkurprestaköll sameinist í eitt prestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Húsavíkur-, Grenjaðarstaðar-, Skútustaða- og Langanes- og Skinnastaðarprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna.

Austurlandsprófastsdæmi (10 stöðugildi)

Í Austurlandsprófastsdæmi skulu vera 2 sóknarprestur, 7 prestar, einn djákni og prófastur.

Samtals 10 stöðugildi.

Hofs- og Egilsstaðaprestakall sameinist þar sem sóknarprestur og fjórir prestar og einn djákni þjóna.

Austfjarðaprestakall, sóknarprestur og þrjú prestar.

Suðurprófastsdæmi (16 stöðugildi)

Í Suðurprófastsdæmi skulu vera 7 sóknarprestur, 8 prestar, einn héraðsprestur og prófastur.

Samtals 16 stöðugildi.

Bjarnanesprestakall, sóknarprestur og prestur.

Kirkjubæjarklausturs- og Víkurprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og prestur þjóna.

Breiðabólstaðar-, Fellsmúla- og Oddaprestaköll sameinast þar sem sóknarprestur og einn prestur þjónar.

Vestmannaeyjaprestakall, sóknarprestur og prestur.

Hruna- og Skálholtsprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og einn prestur þjóna.

Árborgar- Hveragerðis- og Þorlákshafnarprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna.

Sérþjónusta (13 stöðugildi)

Sérþjónusta preta og djákna. Samtals 13 stöðugildi.

Fangaprestur, Sjúkrahúsprestur, Prestur fatlaðra, Prestur heyrnarlausra, Prestur Kaupmannahöfn, Prestur Svíþjóð, Prestur kvennakirkju, hvert um sig eitt stöðugildi.
Prestur innflytjenda, tvö stöðugildi.

Prestur í Lúxemborg og London, 0,5 stöðugildi.

Rannsóknarstaða prests eða djákna/ farprestar/annað, 3,5 stöðugildi.

Biskupsþjónusta (1+2 stöðugildi)

Biskup Íslands og tveir vígslubiskupar. Samtals 3 stöðugildi.

Biskup Íslands situr í Reykjavík, eitt stöðugildi.

Vígslubiskupar, sitja á Hólum og í Skálholti, tvö stöðugildi.(verði prófastar samhliða)

Samanlagður fjöldi vígðra þjóna kirkjunnar

Í þessum hugmyndum er gert ráð fyrir að stöðugildi sóknarpresta, presta og prófaste í sóknum landsins séu ekki færri en 114 samtals. Þá er fjórum stöðugildum djákna innan prestakalla bætt við. Sérþjónustuprestar og djáknar verði samtals 13. Sú nýjung er sett fram hér að tvær af þeim sérþjónustustöðugildum verði stöðugildi rannsókna sem veitist prestum og djáknum tímabundið. Þá er og gert ráð fyrir að héraðsprestar verði fimm. Þau embætti þarf að endurskoða þegar sameiningar prestakalla hafa náð fram að ganga og minni þörf verður á afleysingaþjónustu. Tveir vígslubiskupar taki verkefni tveggja prófaste. Samtals gera þetta 139 stöðugildi vígðra þjóna.

Það fer vel á því að vígslubiskupar taki við prófastsembættum. Vígslubiskup í Skálholti taki að sér skyldur prófaste Suðurprófastsdæmi við starfslok sitjandi prófaste. Vígslubiskup á Hólum taki að sér skyldur prófaste Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi við starfslok sitjandi prófaste. Biskupafundur metur í samráði við presta og sóknarnefndir hvort í einstaka prestaköllum væri viðbótarþjónustu við sóknarbörn vel fyrir komið með djáknum. Eins og niðurstaða könnunar leiddi í ljós þá má fjölgun djákna ekki verða með því að fækka prestum eða að burðugri sóknir hætti að ráða til sín djákna. Heldur miklu fremur er djáknaþjónustan hugsuð sem mikilvæg viðbót miðað við mannfjöldapróun. Þá er og mikilvægt að biskupafundur og mannauðssvið biskupsstofu fari með skipulag hinnar vígðu þjónustu, innan þess fjárhagsramma sem kirkjubing setur. Biskupafundur er bestur til þess fallinn að meta þörf hinnar vígðu þjónustu á hverjum tíma í sem víðtækustu samráði.

Hugmyndir til framtíðar

Verkefni hinnar vígðu þjónustu er og hefur verið um aldir að boða fagnaðarerindi Jesú Krists í orði og verki með fjölbreyttum leiðum. Þannig verður það einnig til framtíðar. Sóknarnefndarfólk um land allt er mikilvægt samverkafólk hinnar vígðu þjónustu. Þau skapa m.a aðstæður og ramma sem greiðir fyrir því göfuga verkefni sem og að þjóna náunganum í kærleika eins og allt kristið fólk. Allt skipulag, fjármagn og allar stjórnunareiningar innan kirkjunnar hafa þann tilgangi einan að greiða leið fyrir kærleiksboðskap Jesú Krists svo berist

til allra kynslóða. Mestu skiptir að framtíðarskipan hinnar vígðu þjónustu beri ávöxt sem gleður og seður sálir þessa lands.

Hugmyndir þessar geta verið stefnumótandi og eiga sér stoð í niðurstöðum könnunar sem reifuð er hér að framan, stefnu biskupafundar ásamt þeim öðrum gögnum sem skoðuð hafa verið. Umræða á fundum starfshópsins, umræða á kirkjuþingi og við kirkjustarfsfólk liggur einnig að einhverju leiti til grundvallar.

Hugmynd 1 - Jafna þjónustubyrði

Jafna þarf þjónustubyrði presta í þéttbýliskjörnum þ.m.t höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þegar kemur að aðalverkum prestsþjónustunnar; **messu- og guðsþjónustuhaldi, skírnum, útförum, hjónavígslum, fermingum og skriftum**. Þessum verkþáttum er ekki hægt að úthýsa til annarra starfsmanna. Bænastundum, fræðslu, sálgæslu og tengslamyndun við söfnuðinn geta prestar sinnt áfram í samstarfi við djákna og æskulýðsfulltrúa.

Hugmynd 2 - Djáknar og sóknarprestar í hverju prestakalli

Í stórum prestaköllum, eftir sameiningar, þá er hægt að sjá fyrir sér að aðeins séu starfandi tveir eða fleiri sóknarprestar í hverju prestakalli ásamt a.m.k einum djákna. Þá verði ekki til stöðugildi sem heitir prestur og sóknarprestarnir í prestakallinu skipti með sér að taka forystu í hinum fjölbreyttu störfum. Þetta fyrirkomulag kallar á nýja sýn og skilning ásamt mikilvægri þjálfun í samstarfi og hlutverkaskiptingu. Að setja sem stefnu að í hverju hinna stóru prestakalla starfi a.m.k einn djákni er leið til að fjölga djáknum án þess að fækka prestum. Horfa skal til þess að vígðir þjónar sitji á þeim prestssetrum sem fram koma í fasteignastefnu þeirri sem kirkjuþing hefur samþykkt fyrir þjóðkirkjuna. Sú boðun sem felst í nærveru hins vígða þjóns og þátttöku hans í samfélaginu skal ekki vanmetin. Mikill meirihluti kirkjufólks vill að prestar búi í því samfélagi sem þeir þjóna, það kom fram í niðurstöðu spurningakönnunarinnar.

Hugmynd 3 - Prófastar og héraðsprestar

Ef prófastar verða í sérstöku starfi sem millistjórnendur þ.e án annarra skyldna við sóknir þá ætti hvert stöðugildi að geta haft tilsjón með 20-40 vígðum þjónum fyrir hönd biskups Íslands. Prestateymi um landið í stórum prestaköllum ættu að verða nokkuð sjálfstæðar einingar undir forystu sóknarprestanna sem deila ábyrgð sín á milli. Við stækkun prestakalla má sjá að héraðsprestsembættin sem afleysingaembætti má leggja niður. Skoða þarf hvort próföstum nægi ritarþjónusta sér til aðstoðar. Prófastsdæmin gætu stækkað og endurskoða mætti vísítasíuhring biskups Íslands, vígslubiskupa og prófosta. Þess skal þó gætt að vísítasía verði ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Vísítasíur eru mikilvægur hluti af þarfagreiningu og eftirliti með kirkjulegri þjónustu.

Hugmynd 4 - Vígslubiskupar

Ísland er eitt biskupsdæmi. Biskupafundur er mikilvæg samstarfseining. Teymishugsun allra embætta hinnar vígðu þjónustu skal styrkja og er það í anda stefnumótunar sem á rætur sínar

að rekja allt til ársins 2000 sem og núverandi stefnu biskupafundar. Vígslubiskupar starfa við hlið Biskups og skulu sitja á Hólum og í Skálholti. Þeir sinni einnig prófastsskyldum. Stærð vígslubiskupsstiftanna þarf að skoða miðað við stefnu um jöfnun þjónustubyrðar. Kanna mætti hvort Vesturlands- og Vestfjarðarprófastsdæmi ættu betur heima í Hólastifti.

Lokaorð

Kirkjubíing sendi starfshóp með erindi um að skilgreina þörf fyrir hina vígðu þjónustu og líta til framtíðar. Í þessari skýrslu hópsins er að finna niðurstöður og hugmyndir er endurspegla vilja og viðhorf kirkjufólks; sóknarnefndafólks, vígðra þjóna og annars starfsfólks. Innri samþykktir lýsa vel hlutverkum hinnar vígðu þjónustu. Skilgreina þarf betur hlutverk djákna. Nauðsynlegt er að endurskoða *Samþykktir um innri málefni Þjóðkirkjunnar*. Hugmyndir að fjölda stöðugilda hinnar vígðu þjónustu eru settar í samhengi við sameiningu prestakalla svo útrýma megi einmenningsprestaköllum. Því ferli ætti að geta verið lokið fyrir árið 2030. Frekari hugmyndir að endurskipulagningu á hinni vígðu þjónustu eru svo settar fram til umræðu og frekari mótunar.

Það er von okkar í starfshópnum að þær hugmyndir sem lagðar eru hér fram í þessari skýrslu verði kirkjunni til einhvers gagns og að byggja megi heildstæða stefnu og tillögur á skýrslu þessari.

Einhverjum mun finnast of skammt gengið og öðrum of langt. Hugmyndirnar byggja á fræðum breytingastjórnunar sem miðla þeirri nauðsyn að menningin sé hagfelld breytingum. Biskupafundur er á góðri leið með stefnu sinni að undirbúa góðan jarðveg svo sáðkornið falli ekki í grýtta jörð. Samtal og upplýsingaflæði er einnig mikilvægt til að jarðvegurinn sé gjöfull. Það samtal sem byggir á kærleika fyrir því erindi sem bæði vígðum og óvígðum er trúað fyrir getur ekki annað en skilað góðum árangri til framtíðar. Með von og elju í hjarta höldum við saman veginn Kristi til dýrðar.

Starfshópurinn biður öllum þeim sem koma að skipulagi, stefnu og ákvarðanatöku um hina vígðu þjónustu Guðs blessunar.

Arna Grétarsdóttir, formaður

Þóra Björg Sigurðardóttir, ritari

Svana Helen Björnsdóttir

Hermann Ragnar Jónsson

Yfirlit gagna

2022

- Biskup Íslands – Prestaköll. Stefnuskjal. Um þjónustubörf fyrir presta. Hvar þarf að fjölga og hvar má fækka.
- Víglubiskup á Hólum – minnisblað þjónustubörf Hólastifti
- Spurningakönnun – Niðurstaða könnunar. Margrét Hannesdóttir
- Fræðslustefna í gildi til 2022
- Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar. Í gildi.

2021

- Minnisblað og sameiningahugmyndir um hagræðingu í mannahaldi þjóðkirkjunnar sem ná mætti fram með breytingu á prestakallaskipan. Gísli Jónasson og Guðmundur Þór Guðmundson. (*Samanburður við þarfagreiningu og stefnu biskupafundar*)
- Skýrsla um fasteignarmál þjóðkirkjunnar (*Starfshópur Kirkjubings um fasteignastefnu*)
- *Tillaga að starfsreglum um prófasta. Kirkjubing 2020-21. 21. mál. Náði ekki fram að ganga,*

2018-2019

- Sameiningar prestakalla. Fylgiskjal I og II + greinargerð. Biskupafundar..

2010

- 7.mál kirkjubings – 4 skjöl

2000

- Stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Samþykkt á kirkjubingi. Flutt af biskupafundi.